

Akureyri 18. maí 2012

Athugasemdir Ferðafélags Akureyrar við fyrirhugaða línulögn í landi Akureyrarbæjar

Ferðafélag Akureyrar lýsir yfir áhyggjum sínum og fordæmir harðlega fyrirhugaða háspennulínu sem leggja á ofan núverandi byggðar Akureyrar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Við teljum að fyrirhuguð háspennulína muni takmarka mjög þetta vinsæla svæði til útivistar. Á undanförunum árum hefur svæðið við Fálkafell og Glerárdal og þar í kring orðið æ vinsælla til útivistar. Landslagið á svæðinu er mjög falleg og fjölbreytt. Göngufólk, íþróttamenn, ferðamenn og bæjarbúar nýta sér göngustíga og einstakt landslag við bæjardyrnar til að vera úti í náttúrunni sér til hressingar, heilsubótar og útiveru enda búið að byggja upp svæðið til útivistar. Fáir bæir hér á Íslandi hafa svona vinsælt og fallegt útivistarsvæði við bæjardyrnar. Það verður ekki metið til fjár.

Fyrirhuguð háspennulína verður einnig mikill lýti á fallegu landslagi sem fyrr segir en fáir bæir á Íslandi búa við jafn fjölbreytt og fallegt landslag svo nærri bænum. Háspennulína mun einnig eyðileggja fjallasýn til Súlna sem mörgum finnst vera fjall Akureyrar en línun mun liggja við rætur fjallsins og skera gönguleiðir til dæmis á Súlu. Fyrirhugað línustæði mun valda mikilli sjónmengun.

Umfang línunnar og sjónlýti er ekki einu áhyggjuefni okkar heldur er hávaði frá háspennulínunni mikið áhyggjuefni. Hver hefur áhuga á að vera við syngjandi háspennulínu í stað þessa að hlusta raddir náttúrunnar.

Það hefur verið bent á það að setja raflínuna í jörð verði miklu dýrara heldur en að hafa línuna ofan jarðar. En þó það kosti mikið í dag að setja raflínuna í jörð þá verður sá kostnaður ekki mikill þegar fram í sækir. Landslag, útivera, heilsubót, náttúruskoðun og útivistarperlur er erfitt að meta til fjár.

Það sama má segja um væntanlegur tekjur af svæðinu sem ferðaþjónustuaðilar munu hafa hag af. Lagning línunnar um þetta svæðið getur haft veruleg áhrif á möguleikum á beinu millilandaflugi sem stefnt er að til og frá Akureyri.

Á undanförunum árum hefur einnig verið unnið að uppbyggingu Glerárdals sem útivistarsvæðis og fólkvangs Akureyrarbæjar en hætt er við að umfang og lagning háspennulína muni skerða forsendur til útivistar í dalnum. Búast má við að verulega dragi úr upplifun og umferð um svæðið. Ásýnd og ímynd dalsins verða ekki þau sömu með háspennulínu sem syngur í.

Ferðafélaginu finnst annað ósættanlegt að ef til þessara framkvæmda komi en að lagður verði jarðstrengur í stað háspennulínu sem þvera muni fjörðinn, FFA er tilbúið að leggja sitt á vogarskálarnar til að viðeigandi lausn finnist.

Fyrir hönd Ferðafélags Akureyrar,

Hilmar Antonsson formaður félagsins